

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

Fundargerð (27)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 16. mars 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 12. mars og þriðjudaginn 16. mars.

1. **Fundargerð 26. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Staðan í tæknimálum.** Fulltrúar launagreiðenda fóru yfir stöðu mála í kjölfar þess að þeir sátu fund verkefnisstjórnar með launagreiðendum 10. þ.m. og tóku þátt í umræðu um tæknimál. Þátttaka þeirra í fundinum og umræðan þar metin gagnleg og til að skýra stöðuna. Sverrir greindi frá því að hjá ríkinu séu stofnanir sem ákveðið hafa að gera tilraun til að nýta tilbúin hillukerfi sem boðin voru fram eftir auglýsingu ríkisins. Harpa sagði stjórnendur hjá Reykjavíkurborg hafa þétt raðirnar í samskiptum vegna Vinnustundar og Inga Rún sagði sveitarfélög sýna málinu vaxandi athygli. Málið rætt, m.a. kom fram að þau sem tjáðu sig á fundinum hafi líklega ekki verið jafnopinska og gagnrýnin og venjulega á fundunum með verkefnisstjórn. Ákveðið að fulltrúar launagreiðenda sitji fundinn á morgun til að halda umræðunni áfram. Þá gerði Bára Hildur grein fyrir því að til að gera stýrihópnum kleift að fylgjast með þróuninni muni hann daglega fá senda minnispunkta eftir stöðufundi um tæknimálin.
4. **Staða vaktaskýrslna 15. mars.** Fulltrúar launagreiðenda brugðust við fyrirspurn frá verkefnisstjóra um að gera grein fyrir stöðu vaktaskýrslna miðað við 15. mars. Fram kom að mikið hefur áunnist en nákvæmar upplýsingar verði sendar verkefnisstjóra síðar í vikunni. Enn er töluverður hópur sem vinnur vaktaskýrslur í excel skjölum. Þess er vænst að von bráðar verði fullnægjandi lausnir í Vinnustund nægilega vel prófaðar. Notendur MyTimePlan hafa ekki átt í vandræðum með vaktaskýrslur. Málið verður á dagskrá næsta fundar.
5. **Hvenær byrjar yfirvinna að telja?** Bára Hildur fór yfir minnisblað verkefnisstjórnar um yfirvinnu 1 og 2, vinnuframlag og áhrif vægis vinnuskyldustunda, sem sent var út í dag. Mikil

umræða var um málið og ákveðið að þroska hana frekar í samskiptum milli funda með þátttöku fulltrúa frá launagreiðendum og launafólki. Verkefnisstjóri mun kalla til samræðu um málið. Markmiðið er að stýrihópurinn gefi út leiðbeiningar sem fyrst og afgreiði málið í síðasta lagi á næsta fundi sínum.

6. Önnur mál

- **Næstu fundir.** Næsti fundur verður að viku liðinni og þá verður ákveðið hvort áfram er nauðsyn á að halda fund í hverri viku.
- **Spurningakannanir og SFV.** Tryggvi og Einar Mar hafa gengið frá aðild SFV að verkefninu og jafnframt hefur SFV verið boðin áheyrnaraðild að matshópnum. Einar Mar upplýsti að á fundi matshópsins á morgun sé stefnt að því að leggja lokahönd á spurningakönnunina. Verður hún send stýrihópnum og SFV til upplýsingar.
- **Orðalag um vaktahvata í fskj. II.** Einar Mar óskaði eftir því að minnisblað um þetta efni sem hann mun senda stýrihópnum síðar í dag verði á dagskrá og til afgreiðslu á næsta fundi stýrihópsins.

Fundi slitið kl. 15.15. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur þriðjudaginn 23. mars kl. 14.00 – 15.30.